

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

28. febrúar 2008

## Ný skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, birti í dag nýja skýrslu um íslensk efnahagsmál. Hægt er að nálgast lauslega þýðingu á samandregnum niðurstöðum skýrslunnar [hér](#).

Í kjölfar mikilvægra skipulagsbreytinga og erlendra fjárfestingar hefur íslenska hagkerfið gengið í gegnum skeið mikils hagvaxtar sem leiddi af sér umtalsvert innra og ytra ójafnvægi. Þótt nýlega hafi hægt á hagvexti og dregið úr ójafnvæginu hefur aðlögunin verið ójöfn en launaþróun, betri fjármögnunarskilyrði og aðgerðir stjórnvalda kyntu aftur undir eftirspurn og verðbólguþrýstingi á árinu 2007. Að mati OECD er hagkerfið sveigjanlegt en áfram viðkvæmt fyrir viðhorfi erlendra fjárfesta, eins og sveiflur í gengi og verði hlutabréfa nýlega eru til marks um. Það er því höfuðverkefni stjórnvalda að endurheimta stöðugleika með því að tryggja að áfram muni draga úr ójafnvægi. Því til viðbótar er nauðsynlegt að efla getu bæði peningamála- og ríkisfjármálastjórnarinnar til að draga úr sveiflum í hagkerfinu og koma í veg fyrir að meiriháttar ójafnvægi skjóti aftur upp kollinum. Til lengri tíma litið eru horfur á útgjaldaþrýstingi á mörgum sviðum og því er það eitt höfuðverkefna stjórnvalda að endurskoða heilbrigðiskerfið. Þótt opinber fjármál séu á heildina litið í góðu lagi eru heilbrigðismál (sem eru að miklu leyti fjármögnuð af hinu opinbera) uppspretta mikils útgjaldaþrýstings. Heilbrigðisástand er mjög gott, en kerfið er dýrt sem bendir til að auka þurfi hagkvæmni í ráðstöfun fjármuna.

Stofnunin telur að meginverkefni stjórnvalda sé að koma fljótt á stöðugleika og er lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

- Það þarf að koma skýrt fram að Seðlabankinn hiki ekki við að herða aðhald í peningamálum enn frekar ef nauðsyn krefur til að halda verðbólguvæntingum við verðbólgu markmiðið. Til að styðja við trúverðugleika peningastefnunnar væri það hjálplegt ef aðilar í ríkisstjórn virtu sjálfstæði Seðlabankans við að marka stefnuna.
- Á meðan eftirspurnar- og verðbólguþrýstingur er fyrir hendi er mikilvægt að forðast pensluhvetjandi aðgerðir í ríkisfjármálum. Eftir því sem tók eru á er einnig mikilvægt að stóriðjuþrýstingur verði innleiddur í hægunum skrefum.

Þá þarf að styrkja þjóðhagslega stefnumörkun.

- Þegar dregið hefur úr sveiflum í verðbólgu er nauðsynlegt að styrkja rammagerð fjárlaga með því að nota útgjaldaþak á nafnverði til margra ára í samræmi við verðbólgu markmiðið. Innleiða þarf samskonar fjármála reglur fyrir sveitarfélög, með útgjaldatakmörkunum.
- Þegar verðbólga er komin á markmið er æskilegt að laga umgjörð verðbólgu markmiðsins (svo sem með breytingu á vísitölu markmiðsins).
- Einnig er fjallað um þörfina á að endurskoða Íbúðalánasjóð sem nú skemkir dreifingu fjármuna og dregur úr skilvirkni peningamálastefnunnar og eykur þar með þjóðhagslegt ójafnvægi.

Heilbrigðismálin fá að þessu sinni sérstaka umfjöllun, en stofnunin telur að bæta þurfi kostnaðarskilvirkni heilbrigðisgeirans.

## Vöruviðskiptin 2007

Hagstofa Íslands birti nýverið endurskoðaðar tölur fyrir inn- og útflutning á vörum árið 2007. Um er að ræða bráðabirgðatölur sem enn geta tekið frekari breytingum. Athygli vekur að útflutningur ársins er mun meiri en áður var gert ráð fyrir eða 302,8 ma. kr. í stað 287,6 ma.kr. áður. Aukinn útflutningur liggur að mestu leyti í útflutningi skipa og flugvéla í nóvember og desember en nú er gert ráð fyrir rúmlega 45,4 ma.kr. útflutningi skipa og flugvéla á árinu í stað 33,5 ma.kr. áður. Þessi aukni útflutningur skipa og flugvéla, frá því sem gert var ráð fyrir í vetrarskýrslu ráðuneytisins, hefur þó ekki áhrif á hagvaxtarþá ársins 2007 þar sem hann dregur úr atvinnuvegafjárfestingu ársins að sama magni. Annar útflutningur eykst þó einnig eða sem nemur 3,3 ma.kr. Innflutningur vöru er nú áætlaður 390,7 ma.kr. sem er einnig aukning frá fyrri tölum eða sem nemur 2,5 ma. kr. (án skipa og flugvéla) og er vöruskiptahallinn nú áætlaður 87,9

ma.kr. í stað 100,6 ma.kr. áður. Mismunurinn, um 800 milljónir kr. (án aukins útflutnings skipa og flugvéla), eykur hagvöxt sl. árs um tæpt 0,1 prósentustig, en í vetrarskýrslu ráðuneytisins var spáð 2,7% hagvexti á sl. ári.

Vöruviðskiptin 2007 (ma.kr.)		
	2007	
Útflutningsframleiðsla	Bráðabirgðatölur	Endurmetnar tölur
Sjávararafurðir	128,4	127,7
Ál	80,6	80,3
Annað	45,1	49,4
<b>Samtals</b>	<b>254,1</b>	<b>257,4</b>
Útflutt skip og flugvélar	33,5	45,4
Breyting útflutningsvörubirgða	0,0	0,0
<b>Vöruútflutningur alls</b>	<b>287,6</b>	<b>302,8</b>
<b>Vöruinnflutningur alls</b>	<b>388,2</b>	<b>390,7</b>
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>-100,6</b>	<b>-87,9</b>
<b>Viðskiptajöfnuður (% af VLF)</b>	<b>-12,8</b>	<b>-11,8</b>

## Skattaleg meðferð söluhagnaðar í atvinnurekstri

Nú er til meðferðar hjá Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem varðar skattalega meðferð á sölu hlutabréfa hjá lögðilum. Forsögu þeirra breytinga má rekja allt aftur til vorsins 1998 þegar samþykkt var sú regla að arður myndaði ekki skattstofn væri hann greiddur milli hlutafélaga eða sambærilegra félagaforma. Samhliða var lögðilum heimilað að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum ef önnur sambærileg væru keypt innan tveggja ára frá söluinni. Þessar reglur tóku til hlutabréfa annarra en veltuhlutabréfa, en veltuhlutabréf eru alla jafna skilgreind sem þau bréf sem ganga kaupum og sölu innan ársins. Samkvæmt gildandi lögum telst hagnaður af sölu veltuhlutabréfa til rekstrarkostnaðar og tap sem við slíka sölu myndast frádráttarbær rekstrarkostnaður.

Frá því að framangreindar breytingar voru samþykktar hefur alþjóðlegt skattaumhverfi tekið stórfelldum breytingum í átt til lægri skattlagningar á atvinnurekstur og einfaldari og skilvirkari reglna. Það á ekki hvað síst við um skattlagningu fjármagnstekna, m.a. söluhagnaðar af hlutabréfum, enda er sá skattstofn afar kvikur. Þannig hafa íslensk félög í einhverjum mæli flutt eignarhald sitt á hlutabréfum yfir í dótturfélög í ríkjum þar sem skattlagning á söluhagnaði er talin hagstæðari en hér á landi.

Í ljósi þessarar þróunar er lagt til í umræddu frumvarpi að hagnaður lögðila með takmarkaða ábyrgð eigenda, þ.e. hlutafélaga og einkahlutafélaga, af sölu hvers kyns hlutabréfa verði frádráttarbær frá tekjum með sama hætti og greiðslur arðs samhliða því að heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar verði felld brott.

Grunnregla tekjuskattsálagningar þegar um atvinnurekstur er að ræða er sú að sá rekstrarkostnaður, sem gengur til öflunar, viðhalds eða tryggingar á skattskyldum tekjum, sé frádráttarbær frá þeim tekjum áður en til álagningar tekjuskatts kemur. Með öðrum orðum, skattfrjálsar tekjur takmarka rétt til frádráttar rekstrarkostnaði. Í ljósi þess er lagt til í frumvarpinu að frádráttarbærni rekstrarkostnaðar verði takmörkuð á því ári sem skattfrjáls hagnaður af sölu hlutabréfa myndast eða er færður til tekna hjá viðkomandi lögðila. Þá myndar tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa innan ársins ekki frádráttarbæran rekstrarkostnað. Sé til staðar yfirfærnanlegt rekstrartap vegna fyrri ára þarf einnig að nýta það á móti hagnaði af sölu hlutabréfa og sama á við um yfirfærnanlegt rekstrartap á söluári nema að því marki að rekstrarkostnaður sé umfram skattfrjálsan söluhagnað. Sé viðkomandi fyrirtæki í blönduðum rekstri skiptist rekstrarkostnaður í réttu hlutfalli við tekjurnar. Hafa ber í huga að þessi takmörkun á frádráttarbærni rekstrarkostnaðar nær þó ekki til arðgreiðslna.

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6
Eignarskattar	-38,5	27,7
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2
Tryggingagjöld	15,4	5,2
Tekjur alls	-4,5	18,7

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	38,2
Heilbrigðismál	...	10,0
Alm.tryggj. & velferðarmál	...	18,2
Efnahags- og atvinnumál	...	20,7
Menntamál	...	9,5
Gjöld alls	...	17,4

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember		
Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-25.435	-2.144
Afborgun lána	-46.097	-33.837
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	-75.531	-48.481
Lántökur	115.713	58.939
Greiðsluafkoma	40.182	10.457

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (janúar)	10,1	6,2
Heildarvelta (jan.-okt. '07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt. '07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9